

Nd.

537. Tillaga

til þingsályktunar um uppmæling siglingaleiða og rannsókn hafnarbóta.

Flutningsm.: Þórarinn Jónsson og Jón A. Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta framkvæma, svo fljótt sem því verður viðkomið:

1. Uppmæling á hinni svo nefndu »Grunnleið« á Húnaflóa inn á Miðfjörð.
2. Uppmæling á innsiglingu á Hindisvík á Vatnsnesi.
3. Uppmæling á leiðinni frá Horni austur að Norðurfirði.
4. Rannsókn á lendingar- eða hafnarbótum á Hvammstanga við Miðfjörð og gera áætlun um.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa komið fram tillögur um uppmæling á þessum siglingaleiðum, sem annaðhvort hafa ekki orðið útræddar eða vísað til

stjórnarinnar. Þar sem ekkert hefir verið gert í þessu, er tillagan enn fram kom-
in, ásamt fleiri atriðum, sem óskað hefir verið eftir af viðkomandi hjeruðum.